

Ed.

217. Tillaga til þingsályktunar

um húsnæði handa hæstarétti.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma því til leiðar, að hæstiréttur geti fengið viðunandi húsnæði og starfsaðstöðu í háskólabýggingunni þegar á næsta hausti.

Greinargerð.

Síðan hæstiréttur var stofnaður 1919, hefur hann búið við allsendis óviðunandi húsnæði og starfsskilyrði á lofti yfir fangelsinu í Reykjavík. Þar sem engar líkur eru til, að fyrst um sinn verði hægt að byggja dómhús, verður að gera ráðstafanir til þess, að hæstiréttur geti fengið viðunandi húsnæði að minnsta kosti um nokkurra ára bil. Ég hef athugað þetta mál og komið að þeirri niðurstöðu, að unnt sé að láta hæstarétti í té það húsnæði, sem hann þarf með, í hinn nýreistu háskólabýggingu.

Það er kunnugt, að hús háskólans er að því er stærð snertir miðað við langa framtíð. Sumum forráðamönnum stofnunarinnar hefur verið þetta ljóst og í því skyni að fylla nú þegar hið stóra hús haft uppi ráðagerðir um að fjölga deildum, m. a. með því að stofna verkfræðideild, sem talið er, að myndi kosta 100 þús. kr. á ári, ef 5 nemandur ættu að útskrifast árlega. Í þeim útgjöldum er þó ekki talinn með kostnaður við verkstæði og rannsóknarstofu, sem eftir er að reisa.

Mér sýnist auðsætt, að Alþingi og ríkisstjórn eigi að draga úr þeirri freistingu, sem sækir á suma forráðamenn háskólans til að stofna nýjar deildir, sem verða landinu tilfinnanlega dýrar í rekstri, með því að fullnota undir eins húsrúm byggingarinnar fyrir ríkisstofnanir, sem eru í húsnæðisvandráðum, eins og segja má bæði um menntaskólann og hæstarétt.

Frá sjónarmiði alþingismanna hlýtur það að vera einsætt að krefjast þess, að háskólinn opni hús sitt til fulls fyrir ríkisstofnunum. Þess er skemmst að minnast, að Alþingi lét háskólanum í té helminginn af húsnæði sínu í alþingishúsinu um 30 ára skeið, þó að sú greiðasemi og gestrisni gerði störf Alþingis og ríkisstjórnar miklu erfiðari en vera þurfti. Mega allir menn sjá það, að mikið rúm mun vera lítt eða ekki notað í háskólahúsinu, þar sem sú stofnun, sem þar starfar nú, varð áður að láta sér nægja neðri hæð þinghússins.

Svo vill til, að ríkasta þjóð heimsins hefur svo mannsöldrum skiptir komið sínum hæstarétti fyrir í húsnæði, sem miðað við íslenska aðstöðu er sambærilegt við háskólahúsið. Bandaríkjamenn höfðu um langt skeið hæstarétt sinn í þinghúsinu í Washington, í fremur þröngum húsakynnum. Að lokum kom þar fyrir fáum árum, að Bandaríkjamenn byggðu marmarahöll fyrir 50 milljónir króna handa hæstarétti. En þeir höfðu, þrátt fyrir auðlegð sína, látið æðsta dómstól sinn eiga heimili í tilteknum hluta þinghússins, þar til þeim þótti tími til kominn að reisa sérstakt hús vegna þessarar stofnunar.

Núverandi húsnæði hæstaréttar er með öllu óþóðlegt stofnuninni og til minnkunar allri þjóðinni. Hér er bent á úrræði til að bæta úr þessu vandræðaástandi.